

- ## Notendanafn

Lykilorð



Rafraem skilríki á síma

Skráðu þig inn

Lyklakippan

Símanúmer

000-0000

☐ Muna símanúmer

Aðkenna

Eða skráðu þig inn með

Aðkennissappinu

Skilríki á korti

Sílmálar

Englisk

Aðstoð

Velkomin(n)
Hamar Hlíðardóttir

Lykilorð

Hér er hægt að breyta lykilorði.

Breyta

Tveggja þátta auðkenning

Hér er hægt að endursetja tveggja
bátta auðkenningu.

Endursetja

- Athugaðu:** Það getur tekið 3–5 mínútur þar til nýja lykilorðið virkar í kerfinu.

Lykilorðið þarf að vera að minnsta kosti 12 stafir og innihalda sambland af táknum og stöfum úr þremur af eftirfarandi flokkum:

- Enskir hástafir (A til Z)
- Enskir lágstafir (a til z)
- Tölustaf/tölustafir (0 til 9)
- Tákn (til dæmis !, \$, #, &, %)

Tvívátta auðkenning

Athugaðu að síminn þinn má ekki vera tengdur þráðlausa netinu í MH á meðan þú setur upp tvívátta auðkenningu.

Settu upp tvívátta auðkenningu með Microsoft Authenticator.

1. Sæktu **Microsoft Authenticator** í símann í Play Store eða App Store.
2. Farðu í tölvu á aka.ms/mfasetup og skráðu þig inn með skólanetfanginu þínu.
3. Veldu **Next** þegar beðið er um frekari upplýsingar.
4. Smelltu á **Next** þar til QR-kóði birtist.
5. Opnaðu Microsoft Authenticator í símanum og skannaðu QR-kóðann.
6. Samþykktu prufutilkynninguna í símanum með **Approve**.
7. Skráðu símanúmerið þitt sem varaleið ef beðið er um það.

Einnig er hægt að setja upp SMS-skilaboð, en Microsoft mun taka þann möguleika úr notkun fljótlega.

Ef þú notar tölvu eða síma innanhúss í MH og ert tengd/tengdur MH-netkerfinu þarf ekki tvívátta auðkenningu.

Ef þú lendir í vandræðum með tvívátta auðkenningu eftir að hún hefur verið sett upp getur þú farið á lykilord.menntasky.is og valið **Endursetja tveggja þátta auðkenni**.

Þráðlaust net

Nemendur geta notað þráðlausa netið MH-Nemendur. Netið er opið og þarf ekki lykilorð.

Microsoft 365 og Office-forrit

Þú getur opnað Microsoft-forritin með því að fara á [MH.is](https://mh.is) og smella á hnappinn **Microsoft 365**.

Í Microsoft 365 hefur þú aðgang að OneDrive með 1 TB geymslusvæði. Þú getur einnig sett Office-pakkann upp á allt að fimm tækjum, bæði Windows-, Mac-, síma- og spjaldtölvum, með því að velja **Install apps** í Microsoft 365. Ef Office-forritin eru þegar uppsett á tækinu þínu er nóg að skrá þig út og skrá þig aftur inn með MH-notendanafninu þínu.

Ef þú lendir í vandræðum með að skrá þig inn í Microsoft 365 skaltu senda póst á netstjori@mh.is.

Inna

Skráðu þig inn á Innu með rafrænum skilríkjum, smelltu á örina efst við hliðina á myndinni þinni og veldu **Stillingar**. Veldu síðan **Innskráning með Google og Office 365** og smelltu á **Opna** við Microsoft 365.